



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### *Fyrirspurn um umferðaröryggisaðgerðir við Lönguhlíð, norðan Miklubrautar (R21020217).*

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 23. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn íbúaráðsins:

*Íbúar í Hlíðum hafa bent ítrekað á að auka þurfi öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda við Lönguhlíð norðan megin Miklubrautar. Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir upplýsingum um hvaða aðgerðir USK telur að grípa ætti til til þess að auka öryggi gangandi og hjólandi við götuna og draga úr hraðri umferð og hvort að það liggi fyrir aðgerðir og tímaáætlun fyrir framkvæmdir.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Langahlíð norðan Miklubrautar er borgargata samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Fyrirhugað er að gatan verði endurhönnuð á þeim forsendum, við hana bætist hjólastígar og umferðarhraði verði lækkaður.

Samkvæmt drögum að hámarkshraðaáætlun, sem fyrirhugað er að leggja fyrir skipulags- og samgönguráð í mánuðinum, er lagt til að hámarkshraði á kaflanum verði lækkaður niður í 40 km/klst. og niður í 30 km/klst. á milli Flókagötu og Háteigsvegur.

Hámarkshraðaáætlunin er ekki tímasett og aðgerðum verður forgangsraðað í samræmi við áherslur umferðaröryggisáætlunar borgarinnar. Hið sama gildir um aðrar umferðaröryggisaðgerðir. Á hverju ári er farið í nokkurn fjölda aðgerða til að bæta öryggi á stöðum sem þarfnast lagfæringa en listinn er því miður langur og því þarf að forgangsraða aðgerðum.

Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri